

Alþingi
Erindi nr. P 133/1563
komudagur 5.3.2007



SAMTÖKFJÁRMÁLAFYRIRTÆKJA
Icelandic Financial Services Association

Reykjavík, 5. mars 2007

Nefndasvið Alþingis
bt. efnahags- og viðskiptanefndar
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um frv. til l. um brt. á lögum um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001 (618. mál)

Vísað er til umsagnarbeiðni efnahags- og viðskiptanefndar um frumvarp til laga um brt. á lögum um vexti og verðtryggingu (618. mál). Eins og fram kemur er frumvarpið lagt fram samhliða frumvarpi til laga um breytingar á lögum um vísitölu neysluverðs (576. mál).

Samtök fjármálafyrirtækja áttu fulltrúa í nefnd ráðherra Hagstofu Íslands um vinnu að frumvarpinu. Í þeirri vinnu hafði starfshópurinn komist að sameiginlegri niðurstöðu um frumvarp til breytinga á lögum nr. 38/2001, þar sem var gert ráð fyrir að auka sveigjanleikann á því hvernig nýjar verðtryggðar skuldbindingar eru gefnar út. Í því frumvarpi sem Samtök fjármálafyrirtækja, ásamt öðrum nefndarmönnum, höfðu samþykkt að leggja fyrir ráðherra var lagt til að 1. gr. frumvarpsins orðaðist svo:

1. gr.

2. málsl. 1. mgr. 14. gr. breytist og verður svohljóðandi:

Í samningum um sparifé og lánsfé skal kveðið á um grunnvísitölu samnings og hvenær og með hvaða millibili vísitala neysluverðs skuli gilda til verðtryggingar sparifjár og lánsfjár.


Þess ber að geta að SBV (forveri SFF) lögðu í nóvember 2005 fram tillögur um ýmis atriði til úrbóta á hérlandum verðbréfamarkaði, þ.e. tillögur sem miðuðu að því að gera hann að fullu sambærilegan við verðbréfamarkað nágrannalandanna, þannig að ekki væru til staðar séríslenskar reglur/ákvæði sem drægu úr áhuga erlendra aðila á að eiga viðskipti með íslensk verðbréf. Hafa flestar af þeim tillögum þegar verið innleiddar af Kauphöll Íslands (nú OMX), Verðbréfaskráningu o.fl. Ein af ábendingum í úttekt SBV laut að því að hér á landi væri útreikningur verðtryggingar með öðrum hætti en í nágrannalöndunum. Framangreind tillaga í 1. gr. frumvarpsins miðar að því að eftirláta markaðnum að semja um þennan þátt, sem mundi leiða til stöðlunar á verðtryggingarútreikningi í takt við það sem þekkist í nágrannaríkjunum.

Þá vilja SFF vekja athygli á að nauðsynlegt er að ákveða hvernig verður leiðrétt fyrir þeim hálfá mánuði sem mælingin mun hliðrast um í kjölfar gildistöku laganna. SFF höfðu gert tillögu til starfshópsins sem vann að frumvarpinu um að nota í þeim efnum meðalverðbólgu 2-3 ár aftur í tímann og skala hana niður á hálfan mánuð.

Dæmi:

Lífeyrissjóður á verðtryggt skuldabréf með lokagjalddaga 1. mars 2008. Þegar hann keypti bréfið þá átti hann von á að fá verðbætur sem miðuðust við verðlagshækkun fram í byrjun febrúar 2008 (þegar verðkönnunin er gerð vegna vísitölu 1. mars). Þegar breytingin sem frumvarpið ráðgerir er gengin í gegn mun vísitölugildið 1. mars 2008 taka mið af verðlagshækkunum fram í miðjan janúar 2008. Verðbreyting (ekki endilega hækkun) frá miðjum janúar til byrjun febrúar mun því ekki skila sér til eiganda þessa bréfs. Þetta mun gilda fyrir öll útistandandi verðtryggð bréf þó að lokagjalddaginn sé mun síðar.

Virðingarfyllst,



Guðjón Rúnarsson,
framkvæmdastjóri